

239 fundur - 9. september 2005

Fundur var settur kl. 15:00 Mættir allir aðalmenn nema Bjarki Stefán Jónsson. Í hans stað mætt Rebekka Eiríksdóttir. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð.

Oddviti las upp dagskrá. Sveitarstjóri óskaði eftir að leggja fram fimm mál undir liðnum “önnur mál.” Samþykkt. Rebekka lagði fram erindi varðandi mennta- og menningarmálanefnd. Samþykkt að bæta því við.

Fundagerðir nefnda sveitarfélagsins

- 1) Sveitarstjóri fór yfir fundargerð 238. fundar sem haldinn var 18. ágúst. Engar athugasemdir.
- 2) Fundargerð verkfundar 18. ágúst vegna vatnsveituframkvæmda á Reykhólum. Engar athugasemdir.
- 3) Fundargerð fjallskilaneftndar 18. ágúst. Í henni er m.a. þeirri ályktun beint til hreppsneftndar að skora á hreppsneftnd Hólmavíkurhrepps að sjá til þess að fjallskil fari fram með viðunandi hætti og á skipulagðan hátt. Hreppsneftnd Reykhólahrepps lýsir sig sammála þessu og felur sveitarstjóra að senda hreppsneftnd Hólmavíkurhrepps þessa áskorun.
Fundargerð fjallskilaneftndar 24. ágúst. Samþykkt án athugasemda.
- 4) Fundargerð stjórnar Barmahlíðar 30. ágúst. Samþykkt án athugasemda.

Mál til afgreiðslu

- 1) Fjallskilaseðill Reykhólahrepps árið 2005. Hreppsneftnd samþykkti seðilinn.
- 2) Óskað umsagnar hreppsneftndar Reykhólahrepps um Reykhólaflugvöll, erindi frá Flugmálastjórn Íslands. Hreppsneftnd fellst á rekstur flugvallarins.

Mál til kynningar

- 1) Þriggja ára fjárhagsáætlun Reykhólahrepps (endanleg útgáfa).
- 2) Tilkynning frá samstarfsneftnd Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Saurbæjarhrepps.
- 3) “Austur-Barðastrandarsýsla, framkvæmdaskýrsla fyrir safnvegi 2004.” Skýrsla Vegagerðarinnar í Búðardal.
- 4) Þakkarbréf frá háskólasetrinu í Hveragerði vegna stuðnings við rannsókn á og söfnun upplýsinga um íslenskar hveralagar.
- 5) Neysluvatn á Reykhólum og baðvatn í Grettislaug. Skýrsla heilbrigðiseftirlits Vestfjarða (vatn stóðst gæðakröfur).
- 6) Árbók Barðastrandarsýslu 2004, pistill um Reykhólahrepp saminn af sveitarstjóra.
- 7) Fundagerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga(fjórar fundagerðir mars til júlí 2005).
- 8) Fyrirhuguð fjármálaráðstefna sveitarfélaga nóvember 2005, tilkynning frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Önnur mál

- 1) Óskað umsagnar sveitarstjórnar vegna kaupa á jörðinni Gufudal sbr. 238. fund hreppsneftndar. Lögð fram úttekt byggingarfulltrúa um ástand mannvirkja á jörðinni.

Reykhólahreppur mælir með því að ábúandi fái jörðina keypta og felur sveitarstjóra að ganga frá umsögninni.

- 2) Framlenging samninga við skólaakstursverktaka veturinn 2005-2006. Samþykkt að framlengja þá um eitt ár með nokkrum hækkunum vegna breytinga á olíugjaldi.
- 3) Tillaga frá sveitarstjóra um að óskað verði nafnbreytingar á “tilraunastöðvarbýlinu” á Reykhólum hjá Örnefnanefnd. Sveitarstjóra falið að kanna málið frekar.
- 4) Löggæsla í Reykhólahreppi, nýsamþykkt ályktun Fjórðungsþings Vestfirðinga og hugmyndir sýslumanns um breytingar á umferð á Reykhólum. 50. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Patreksfirði 2. og 3. september 2005 samþykkti ályktun þar sem skorað er á dómsmálaráðherra að beita sér fyrir úrbótum í löggæslumálum í Reykhólahreppi. Eina tryggja lausnin fyrir íbúana sé sú að komið sé upp stöðu lögreglumanns á Reykhólum. Lögð var fyrir fundinn tillaga sýslumanns um umferðarmerkingar og hraðahindranir á Reykhólum. Meðal annars er gert ráð fyrir að lágmarkshraði í mesta þéttbýlinu verði lækkaður úr 50 km/klst. í 35 km/klst.

Tillögur sýslumanns voru samþykktar með nokkrum breytingum. Sveitarstjóra falið að fylgja málinu eftir í samráði við sýslumann. Enn fremur hefur lögreglan á Patreksfirði óskað eftir starfsaðstöðu á hreppskrifstofu. Hreppsnefnd samþykkir að láta lögreglunni aðstöðu í té og vonast til að það verði fyrsti áfangi í að komið verði upp stöðu lögreglumanns á Reykhólum.

- 5) Drög að kynningarbæklingi samstarfsnefndar vegna sameiningarkosninga við Dalasýslu 8. október, lögð fram til kynningar.
- 6) Rebekka Eiríksdóttir greindi frá því að búið væri að endurvekja foreldrafélag á leikskólanum Hólabæ. Áhugi væri fyrir því að fulltrúi foreldrafélagsins og einnig forstöðumaður Hólabæjar fengju að sitja fundi mennta- og menningarmálanefndar þegar málefni Hólabæjar væru til umfjöllunar. Samþykkt.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:55

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson(sign)

RebekkaEiríksdóttir(sign)

Björk Bárðardóttir(sign)

Þórður Jónsson(sign)

Einar Örn Thorlacius(sign)